

Samstarfsaðilar:



Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
Auðbrekka 4, 640 Húsavík
Tengiliður: Friðfinnur Hermannsson
s: 464-0500
www.heilthing.is



Félags- og skólapjónusta Þingeyinga
Ketilsbraut 22, 640 Húsavík
Tengiliður: R. Linda Skúladóttir
s: 464-6130
www.tingey.is



Framhaldsskólinn á Húsavík

Stóragarði 10, 640 Húsavík
Tengiliður: G. Birkir Porkelsson
s: 464-1344
www.fsh.is



RHA
Borgir v/ Norðurslóð, 600 Akureyri
Tengiliður: Björk Sigurgeirs dóttir
s: 460-8900
www.rha.is



Verkefnistjóri:
Soffía Gísladóttir
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar
s: 460-5720
soffia@simey.is



Háskólinn í Flórens, Ítalíu
Tengiliður: Giovanna Campani
www.unifi.it



Valakupial Endurhæfingarstöð, Litháen
Tengiliður: Rasa Noreikyte
www.reabilitacija.lt



Atrium Endurhæfingarmiðstöð, Hollandi
Tengiliður: Joost Thissen
www.atriumbv.nl



Háskólinn í Maribor, Sloveníu
Tengiliður: Tanja K. Stjepanovič
www.uni-mb.si

Verkefnið er stutt af Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun
Evrópusambandsins

Social Return Ágrip

Megin markmið Leonardo da Vinci verkefnisins, Social Return, er að þróa heildstæða og þverfaglega endurhæfingu fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu.

Ein helsta áhersla verkefnisins er að þáttakendur njóti endurhæfingar í heimabyggð, en megin styrkur verkefnisins felst í því.

Með heildstæðri og þverfaglegri endurhæfingu er vísað til samvinnu heilbrigðis- og félagsþjónustu, framhaldsskóla, svæðisvinnumiðlunar og atvinnulífs. Pessir aðilar vinna sameiginlega að því að hjálpa einstaklingum, með skerta starfsgetu, að komast út í vinnu eða í skóla á ný. Sá samstarfsvettvangur sem ofangreindir aðilar sameinast undir heitir BYR sem stendur fyrir endurhæfingarhluta Starfsendurhæfingar Norðurlands.

Með þessu verkefni er verið að bregðast við mikilli aukningu einstaklinga sem fara á örorku og þeiri hættu sem felst í félagslegri einangrun þessa hóps. Verkefnið mun því auka tækifæri þáttakenda og bæta aðgengi þeirra að því samfélagi þar sem þeir búa.

Markhópur: Einstaklingar á örorkubótum eða endurhæfingarlífeyri, langtímaatvinnulausir, ungt fólk án atvinnusögu, óvirkir fíklar og aðrir sem búa við skerta starfsgetu.

Niðurstaða verkefnisins er einstaklingsmiðuð, en stefnt er að því að auka lífsgæði þáttakenda og fjölskyldna þeirra. Þáttakandinn finni starf við sitt hæfi og/eða haldi áfram skólagöngu sinni og verði þar með fullgildur þáttakandi á ný í samfélagi sínu.



Leonardo da Vinci



S O C I A L R E T U R N

Social Return er enska nafnið á BYR starfsendurhæfingu. BYR er heildstæð og þverfagleg endurhæfing fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu. Ein helsta áhersla verkefnisins er að þáttakendur njóti endurhæfingar í heimabyggð.

Forsaga Starfsendurhæfingarinnar BYR

Á síðustu árum hefur aukist verulega sá fjöldi sem hefur farið á varanlega örorku sökum sjúkdóma, slysa eða annarra orsaka.

Á landsvísu er fjöldi öryrkja mestur á Norðurlandi eystra og hefur farið fjölgandi undanfarin ár.

Nú er það svo að endurhæfingarskilyrði hafa verið misjöfn á milli landshluta. Flest eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu og eru mestmegin á heilbrigðissviði.

Heilbrigðisstofnun Pingeyinga hafði frumkvæði að starfsendurhæfingunni, en auk hennar komu að henni; Félags- og skólabjónusta Pingeyinga, Atvinnuþróunarfélag Pingeyinga, Framhaldsskólinn á Húsavík og Verkalýðsfélag Húsavíkur.

Markmið þessarar vinnu var að velta upp hugmyndum um hvernig hægt væri að mæta þörfum þeirra sem fara á örorku, með endurhæfingu og auka þar með lífsgæði þeirra og bjóða uppá **endurhæfingu í heimabyggð**.

Starfsemin hófst í ágúst 2003 undir vinnuheitinu **BYR starfsendurhæfing**.

Í október 2004 hóf BYR starfsendurhæfing þátttöku í Leonardó verkefni sem er til þriggja ára. Árangur starfsendurhæfingarinnar hefur verið góður og þróun verkefnisins ör. Vinna að yfirfærslu verkefnisins á Eyjafjarðarsvæðið hófst á haustmánuðum 2005 og var sjálfskeignarstofnunin **Starfsendurhæfing Norðurlands** stofnuð 9. febrúar 2006. Stofnendur hennar eru Akureyrarbær, Félags- og skólabjónusta Pingeyinga, Fjörðungssjúkrahúsíð á Akureyri, Framhaldsskólinn á Húsavík, Heilbrigðisstofnun Pingeyinga, KEA, Lífeyrissjóður Norðurlands, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, og Svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra.



Markmið endurhæfingarinnar er;

- Að auka lífsgæði þátttakanda.
- Að auka lífsgæði fjölskyldu hans.
- Að þátttakandi fari í atvinnu að endurhæfingu lokinni og/eða í áframhaldandi nám.

Leið að markmiði;

Boðið verður upp á heildstæða úrlausn á vanda hvers þátttakanda eins og kostur er á. Í því felst endurhæfing út frá læknisfræðilegri og félagslegri nálgun. Boðið verður upp á námstengða endurhæfingu í samvinnu við menntastofnanir á svæðinu auk þess sem áætlað er að vera í nánu samstarfi við atvinnulífið. Þátttakandinn fær eftirfylgd í allt að þrjú ár.

Markhópur starfsendurhæfingar;

- Fólk með skerta vinnufærni sökum ýmissa orsaka.
- Einstaklingar með örorkumat og/eða þeir sem þiggja endurhæfingarlífeyri frá TR og/eða lífeyrissjóðum.
- Einstaklingar á framfærslu hjá sveitarfélagi.
- Einstaklingar sem eru á atvinnuleysisbótum.
- Aldur < 55 ára.

Endurhæfingartími;

Langtímaendurhæfing 1-3 ár.

Einnig er boðið uppá styttri endurhæfingu 4 - 6 mánuði.

Þátttakendum er fylgt eftir í allt að þrjú ár eða samkvæmt samningi við hvern og einn þátttakanda.



Námsgreinar:

- Námstækni
- Markviss tölvunotkun
- Hagnýt stærðfræði
- Lífsleikni
- Íslenska
- Félagsfræði
- Enska

Önnur þjónusta sem veitt er:

- Félagsráðgjöf
- Sálfræðiviðtöl
- Læknisviðtöl
- Fjölskylduráðgjöf
- Fjármálaráðgjöf
- Iðjubjálfun
- Sjúkrabjálfun
- Hópefli
- Starfsleit
- Studningur út á vinnumarkaðinn

Fjöldi nemanda:

15-20 þátttakendur í hverjum hóp.

Umsóknareyðublöð:

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast hjá Starfsendurhæfingu Norðurlands

Vallholtsvegi 15, 640 Húsavík, s. 464-1811
og Pórsstíg 4, 600 Akureyri
stbyr@simnet.is

